

## LÖG

### um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda (skattlagning á lágs kattasvæðum og starfsmannaleigur).

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar  
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,  
*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

##### Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. a laganna:

- a. Á eftir orðinu „Tap“ í 3. másl. 5. mgr. kemur: færast eingöngu á móti hagnaði félags, sjóðs eða stofnunar og.
- b. 7. mgr. orðast svo:  
Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um nánari framkvæmd þessarar greinar og meðal annars skilgreina hvað felst í hugtakinu raunveruleg atvinnustarfsemi o.fl.
- c. Orðið „erlends“ í fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

#### II. KAFLI

##### Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

##### 2. gr.

Á eftir orðinu „staðfestu“ í 1. másl. 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: hér á landi eða.

##### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. apríl 2013.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

**Ragnheiður Ríkharðsdóttir.**  
(L. S.)

**Markús Sigurbjörnsson.**

\_\_\_\_\_  
*Katrín Júlíusdóttir.*